

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umgerðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur eftirfarandi verið ákveðið:

vegna uppsetningar umferðarljósa á mótum Barónsstígs og Eiríksgötu, komi biðskylda í stað stöðvunarskyldu á Eiríksgötu gagnvart Barónsstíg.

Ákvörðun þessi tekur gildi þegar kveikt verður á umferðarljósunum.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 23. september 1988.

Böðvar Bragason.

16. september 1988

Nr. 446

AUGLÝSING

um breytingu á samþykkt um gatnagerðargjöld á Kópaskeri í Presthólahreppi í Norður-Þingeyjarsýslu nr. 275 24. maí 1988.

2. gr. orðist svo:

„Gatnagerðargjald vegna varanlegs slitlags og gangstéttar, B-gjald, skal lóðarhafi greiða þegar lagningu slitlags er lokið. Gjaldið skal miða við rúmmetra húss, samkvæmt reglum Fasteignamats ríkisins.“

Samþykkt þessi sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Presthólahrepps staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 16. september 1988.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

16. september 1988

Nr. 447

AUGLÝSING

um staðfestingu á deiliskipulagi í Moldahrauni í Garðabæ.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 14. september 1988 staðfest deiliskipulagsuppdrátt af iðnaðar- og þjónustusvæði í Moldahrauni í Garðabæ.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem skipulagslög nr. 19 21. maí 1964 mæla fyrir um og verið samþykktur af bæjarstjórn Garðabæjar og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 16. september 1988.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.